



HRUNAMANNAHREPPUR

40. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 6. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 3. JÚNÍ 2021

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2021, þann 3. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir tvö mál, sumarlokun skrifstofu sveitarfélags og fundargerð ungmennaráðs. Sveitarstjórn samþykkir að erindin verði lögð fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. UTU bs: Kynning á drögum að breyttum samþykktum.**

Oddviti kynnti drög að breyttum samþykktum fyrir UTU b.s. Á fundinn mæta Jóhannes Símonarson, Davíð Sigurðsson og Vigfús Þór Hróbjartsson frá UTU og fóru yfir samþykktirnar, framsal á afgreiðsluheimildum auk gjaldskrár skipulagsfulltrúa. Sveitarstjórn þakkar Jóhannesi, Davíð og Vigfúsi Þór fyrir yfirferðina og samþykkir að vísa vinnu með endanlegar samþykktir til yfirferðar í vinnuhóp sveitarfélaganna í Árnessýslu um skoðun á sameiginlegum verkefnum sveitarfélaganna á Suðurlandi.
- 2. Lóðir og lóðaframboð á Flúðum.**

Oddviti kynnti lóðir og lóðaframboð á Flúðum. Á undanförunum árum hefur sveitarfélagið og einkaaðilar verið að endurskilgreina svæði undir frekari íbúðabyggð í og við Flúði. Óformlegar viðræður hafa farið fram við Byggð á Bríkum ehf um hugsanleg kaup á landi. Á fundinn mætir Páll Guðmundsson að ósk Jóns Bjarnasonar og gerir grein fyrir stöðu landsins sem Byggð á Bríkum ehf hefur skipulagt úr landi Sunnuhlíðar. Páll upplýsir að Byggð á Bríkum sé tilbúið að selja sveitarfélaginu landið á kr. 130 millj. Sveitarstjórn þakkar Páli fyrir upplýsingarnar og felur sveitarstjóra, oddvita og Jóni Bjarnasyni að ræða við fasteignasala sveitarfélags um mat á söluverði landsins.
- 3. Viðauki við fjárhagsáætlun 2021.**

Oddviti kynnti viðauka 1 við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2021. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um kr. 16.200.000 og útgjöld hækki um kr. 14.000.000. Einnig er um að ræða tillögu um að fjárfestingar verði auknar í gatnagerð, fráveitu og eignakaupum, samtals nettóhækkun fjárfestinga um kr. 14,5 millj. Skv. þessu er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður sveitarfélagsins verði eftir þessar breytingar kr. 11.884.000 í stað 9.684.000. Nettóútgjaldaaukningu er mætt með lækkun á handbæru fé. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2021.
- 4. Sameiginlegur starfsmaður um íprótta- og tómsfundafulltrúa og verkefnisstjóra Heilsueflandi samfélags. Starfslýsing.**

Oddviti lagði fram starfslýsingu Íprótta- og tómsfundafulltrúa og verkefnastjóra Heilsueflandi samfélags um um yrði að ræða sameiginlegan starfsmann Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar og Skeiða- og Gnúpverjarhrepps þar sem starfshlutfall Hrunamannahrepps yrði 37,5%. Sveitarstjórn samþykkir starfslýsingu og að starfið verði auglýst.
- 5. Yfirmaður ípróttamannvirkja: Starfslýsing.**

Með sameiginlegum starfsmanni íprótta- og tómsfundafulltrúa og verkefnisstjóra Heilsueflandi samfélags er 50% starf íprótta- og tómsfundafulltrúa og forstöðumanns ípróttamannvirkja Hrunamannahrepps lagt niður. Í stað þess er gert ráð fyrir að ný staða forstöðumanns ípróttamannvirkja verði búin til en um væri að ræða 40% starf. Lögð er fram starfslýsing forstöðumanns ípróttamannvirkja Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn samþykkir starfslýsingu fyrir nýtt starf forstöðumanns ípróttamannvirkja og samhliða að leggja niður starf íprótta- og tómsfundafulltrúa og forstöðumanns ípróttamannvirkja.

6. **Héraðsnefnd Árneseinga bs.: Fundargerð vofundar frá 18. maí s.l. Mál nr. 12 þarfnast afgreiðslu.**
Oddviti kynnti fundargerð vofundar Héraðsnefndar Árneseinga frá 18. maí. Í fundargerðinni þarfnast mál nr. 12 afgreiðslu þar sem fjallað er um tilboð um húsnæði fyrir Héraðsskjalasafn Árneseinga. Sveitarstjórn samþykkir að fara í verkefnið fyrir sitt leyti og taka tilboði Akurhóla ehf upp á 389 millj. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.
7. **Heilsueflandi samfélag: Gerð hjólastígs milli Flúða og Reykhólts.**
Oddviti kynnti fyrirspurn frá verkefnastjóra Heilsueflandi samfélags um gerð hjólastígs milli Flúða og Reykhólts en samsvarandi erindi var lagt fyrir sveitarstjórn Bláskógabyggðar. Sveitarstjórn tekur vel í hugmyndina og felur sveitarstjóra og oddvita að ræða við Bláskógabyggð og Vegagerðina um verkefnið.
8. **Landgræðslan og skógræktin: Beiðni um umsögn vegna landgræðsluáætlunar 2021-2031 og umhverfismati áætlunarinnar.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni Landgræðslunnar og Skógræktarinnar vegna landgræðsluáætlunar 2021-2031.
9. **Garðastígur-Kópsvatn: Niðurstaða útboðs.**
Oddviti kynnti niðurstöðu útboðs í verkið „Kópsvatn-Garðastígur“ þar sem þrjár aðilar gerðu tilboð í verkið. Klapparverk kr. 148.765.100, Gröfutækni kr. 105.299.000 og Árni ehf kr. 116.889.850 en kostnaðaráætlun EFLU var kr. 157.604.000.
Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði Gröfutækni í verkið og felur sveitarstjóra að ganga frá samningum um það.
10. **Vatnstankur Berghylsfjalli: Niðurstaða útboðs.**
Oddviti kynnti niðurstöðu útboðs í verkið „Miðlunartankur Berghylsfjalli“ þar sem fjórir aðilar gerðu tilboð í verkið. Landstólpi ehf kr. 66.618.964, Próbygg ehf, kr. 88.067.313, Selásbyggingar ehf, kr. 64.597.038 og Tré og saumur ehf, kr. 74.883.662 en kostnaðaráætlun EFLU var kr. 73.712.780.
Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði Selásbygginga í verkið og felur sveitarstjóra að ganga frá samningum um það.
11. **Frumarp um Hálendisþjóðgarð: Afmörkun.**
Oddviti kynnti tillögur á vegum framsögumanns umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um útfærslur á afmörkun á Hálendisþjóðgarði. Sveitarstjórn telur heppilegt að ef skoðað sé með breytingar á afmörkun Hálendisþjóðgarðs að þá yrði eingöngu miðað við friðlýst svæði á Hrunamannaafreitti en þá eru óleyst mál varðandi stjórnskipulag.
12. **Svæðisskipulag Suðurrhálendisins 2020-2032: Skipulagslýsing.**
Oddviti kynnti skipulagslýsingu fyrir svæðisskipulag fyrir Suðurrhálendið 2020-2032. Sveitarstjórn hefur farið yfir lýsingu skipulagsáforma fyrir Svæðisskipulag Suðurrhálendis 2020-2032 sem samþykkt var á fundi Svæðisskipulagsnefndar þann 25. maí sl. Sveitarstjórn samþykkir lýsingu til kynningar í samræmi við 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og grein 3.2.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
13. **Brún 8: Beiðni um afslátt á gatnagerðargjöldum.**
Oddviti kynnti beiðni eiganda lóðarinnar að Brún 8 um afslátt af gatnagerðargjöldum vegna eðlis og legu lóðarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að vegna eðlis og legu lóðarinnar og kostnaðar lóðarhafa við uppbyggingu vegstæðis verði veittur 50% af gatnagerðargjöldum lóðarinnar. Sigurður víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.
14. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Vinnuskjal með drögum að breytingum á frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags).**
Oddviti kynnti vinnuskjal með drögum að breytingum á frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem umhverfis- og samgöngunefnd er að vinna að.
15. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um fjöleignarhús.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um fjöleignarhús.
16. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um barnvænt Ísland- framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

17. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um nýja velferðarstefnu fyrir aldraða.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um nýja velferðarstefnu fyrir aldraða. Sveitarstjórn vísar málinu til kynningar í öldungaráði.

18. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis.

19. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka framboð og neyslu grænkerafæðis.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka framboð og neyslu grænkerafæðis.

20. Ungmennaráð Hrunamannahrepps.

Á fundinn mættu fulltrúar Ungmennaráðs Hrunamannahrepps, þau Nói Mar Jónsson, Valdís Una Guðmannsdóttir og Una Bóel Jónsdóttir, en skv. samþykktum Ungmennaráðsins er gert ráð fyrir árlegum samráðsfundi með sveitarstjórn.

Sveitarstjórn þakkar Ungmennráðinu fyrir góðan fund og gott innlegg inn í málefni sveitarfélagsins og gott starf í ráðinu.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

21. Skólanefnd: Fundargerð 16. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 20. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar skólanefndar vegna Undralands frá 20. maí s.l. Farið var yfir skóladagatal 2021-2022 og skýrslu frá skólustjóra. Farið var yfir niðurstöður starfsmannakönnunar bréf frá foreldri er varðar athugasemdir vegna sóttvarnarreglna og framkvæmdadags í leikskólanum.

Sveitarstjórn staðfestir skóladagatal 2021-2022 eins og það var samþykkt á fundinum. Vegna skýrslu leikskólustjóra vill sveitarstjórn koma á framfæri að um leið og leikskólinn er fyrsta skólastigið er hann líka þjónusta við börn og foreldra í sveitarfélaginu auk þess að vera starfsstaður margra starfsmanna. Sveitarstjórn ber því að huga að þörfum allra þeirra aðila sem koma að leikskólanum og reyna að samþætta óskir þeirra en um leið ber henni skylda til að rýna rekstur allra sinna stofnanna og leita leiða til að reka þær á sem bestan og hagkvæmasta máta. Sveitarstjórn ber mikla virðingu fyrir því góða starfi sem unnið er hjá leikskólanum og þakkar starfsmönnum fyrir faglegt og gott starf. Það er ómetanlegt hverju samfélagi að eiga góða skóla og sveitarstjórn telur sig stolta geta státað af því. Sveitarstjórn þakkar starfsmönnum leikskólans fyrir góða vinnu í krefjandi starfsumhverfi í kringum Covid-19. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

22. Skólanefnd: Fundargerð 17. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 1. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 17. fundar skólanefndar vegna Undralands frá 1. júní s.l. Farið var yfir innsendar upplýsingar um málefni leikskólans og beiðni leikskólustjóra um ársleyfi.

Leikskólinn er einn af grunnþjónustu sveitarfélagsins og nauðsynlegt er að tryggja það að hann sé mannaður góðu og hæfileikaríku fólki. Það er ljóst að margir af því góða starfsfólki sem leikskólinn hefur yfir að ráða hyggur á að hverfa til annarra starfa. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að yfirmaður sé við stjórnvölinn sem hefur yfirsýn og reynslu af rekstri leikskólans.

Í ljósi umsagnar skólanefndar, erindi frá starfsmönnum leikskólans og áhyggjum foreldra, sem búið er að koma á framfæri við sveitarstjórn, er varðar miklar mannabreytingar hafnar sveitarstjórn beiðni leikskólustjóra um ársleyfi. Sveitarstjórn tekur undir með skólanefnd að þessi ákvörðun er fyrst og fremst tekin með það að leiðarljósi að tryggja áframhaldandi farsæla starfsemi leikskólans fyrir starfsfólk skólans, foreldra og börn.

23. Skólanefnd: Fundargerð 15. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 20. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 15. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir skóladagatal Flúðaskóla 2021-2022 og yfir „fréttir“ af skólastarfi í Covid. Þá var farið yfir skólaakstur og breytingar á einni leið, starfsmannamál og kynnt var bréf frá Landvernd. Sveitarstjórn staðfestir skóladagatal 2021-2022 og þakkar starfsmönnum skólans fyrir góða vinnu í krefjandi starfsumhverfi í kringum Covid-19. Þá vill sveitarstjórn koma á framfæri þökkum til Guðbjörns Dagbjartssonar skólabílstjóra fyrir 48 ár í skólaakstri. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

24. Umhverfisnefnd: Fundargerð 16. fundar frá 20. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar umhverfisnefndar frá 20. maí s.l. Farið var yfir umhverfisverðlaun 2021 og umhverfisskrós 2021. Kynnt voru drög að landgræðsluáætlun ásamt drögum að landgræðsluáætlun í skógrækt. Þá var farið yfir vandamál tengdum úrgangi úr ferðasalernum og rætt um umhverfisáttak. Sveitarstjórn tekur undir að finna þurfi lausnir varðandi losun á ferðasalernum og beinir því til Umhverfisráðuneytisins að skoða lausnir. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að gámasvæðið á Flúðum verði opið alla daga vikuna 9-16. Júní og hvetur íbúa og fyrirtæki til að hreinsa til á sínum svæðum. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

25. Öldungaráð: Fundargerð 25. fundar frá 19. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 25. fundar öldungaráðs frá 19. maí s.l. Kynnt var beiðni til sveitarstjórnar um að finna lausn á akstursþjónustu fyrir eldri borgara og beiðni til sveitarstjórnar vegna aðstoðar við garðahirðingu. Þá var lagt til að fá sveitarstjórn/BÁ til að aðstoða eldri borgara með eldvarnir og eftirlit og rætt um nýjar reglur fyrir stuðningsþjónustu sem eru í smíðum. Sveitarstjórn samþykkir að vinna tillögur að reglum um akstursþjónustu og garðþjónustu í samvinnu við öldungarráð og félagsþjónustuna í Laugarási. Sveitarstjórn vísar erindi um eldvarnir til BÁ.

26. Veitustjórn Fundargerð 29. fundar frá 2. júní.

Oddviti kynnti fundargerð 29. fundar frá 2. júní s.l. Fjallað var um sameiginlega vatnsveitu í Uppveitum, niðurstöðu útboðs vegna verksins „Kópsvatn-Garðastígur“, niðurstöðu útboðs vegna verksins „Miðlunartankur Berghylsfjalli“ og forkaupsrétt vegna sölu á hluta af hlut Varmaorku í Flúðaorku. Sveitarstjórn samþykkir að taka áfram þátt í verkefninu um sameiginlega vatnsveitu í Uppsveitum og að falla frá forkaupsrétti vegna sölu á hluta af eignarhlut Varmaorku í Flúðaorku og felur sveitarstjóra að undirrita nauðsynleg skjöl þar að lútandi. Að öðru leyti hafa mál vegna niðurstöðu útboða verið tekin sérstaklega fyrir í sveitarstjórn.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

27. Fundargerð 217. fundar skipulagsnefndar frá 12. maí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 217. fundar skipulagsnefndar frá 12. maí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. mars s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi

Mál nr. 19. Syðra-Langholt 4. Grjótnáma, framkvæmdaleyfi.

Lögð var fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Sigurði Ágústssyni er varðar efnistöku úr námu E31 innan aðalskipulags Hrunamannahrepps. Áætluð efnistaka er vegna vegagerðar á 2,8 km kafla á Auðholtsvegi og Langholtsvegi um 3-5000 m³.

Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að heimild verði veitt fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis vegna umsóttar efnistöku. Leyfið verði veitt á grundvelli heimilda aðalskipulags.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að heimild verði veitt fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis vegna umsóttar efnistöku en leyfið er veitt á grundvelli heimilda aðalskipulags. Sveitarstjórn vill benda framkvæmdaaðila á að huga sérstaklega að fokvörnum jarðefna og frágangi vegna námunnar vegna nábýlis við íbúðabyggð.

Mál nr. 27. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. maí s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. maí s.l.

- 28. Fundargerð 218. fundar skipulagsnefndar frá 26. maí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. maí s.l.**
 Oddviti kynnti fundargerð 218. fundar skipulagsnefndar frá 26. maí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. maí s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:
Mál nr. 25. Hrunamannaafreittur: Fannborg ehf, borun vinnsluholu, framkvæmdaleyfi.
 Lögð var fram umsókn frá Fannborg ehf um framkvæmdaleyfi fyrir borun vinnsluholu á Hrunamannaafreitti.
 Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að umsókn um framkvæmdaleyfi verði samþykkt með fyrirvara um jákvæða umsögn Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.
 Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að umsókn um framkvæmdaleyfi verði samþykkt með fyrirvara um jákvæða umsögn Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.
Mál nr. 26. Hrunamannaafreittur: Fannborg ehf, efnistöku, framkvæmdaleyfi.
 Lögð var fram umsókn frá Fannborg ehf er varðar framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr námu E39 á Hrunamannaafreitt. Óskað er eftir efnistöku allt að 15.000 m³. Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að umsókn um framkvæmdaleyfi verði samþykkt með fyrirvara um jákvæða umsögn Umhverfisstofnunar.
 Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að umsókn um framkvæmdaleyfi verði samþykkt með fyrirvara um jákvæða umsögn Umhverfisstofnunar.
Mál nr. 27. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. maí s.l.
 Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. maí s.l.
- 29. Stjórn UTU bs. Fundargerð stjórnar UTU bs frá 26. maí 2021**
 Oddviti kynnti fundargerð 86. fundar stjórnar UTU bs. Þar var fjallað um drög að nýrri gjaldskrá skipulagsfulltrúa, húsnæðismál UTU, ársreikning UTU 2020, rafræn eyðublöð fyrir byggingar- og skipulagsfulltrúa í þjónustugátt UTU og breytingar á skipulagsnefnd og starfsmannamál. Sveitarstjórn samþykkir drög að nýrri gjaldskrá skipulagsfulltrúa en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.
- 30. NOS: Fundargerð frá 20. maí s.l.**
 Oddviti kynnti fundargerð NOS frá 20. maí s.l. Farið var yfir ráðningu nýs forstöðumanns SVÁ en Melkorku Jónsdóttur var boðið starfið eftir ráðningarferli. Þá voru kynntar endurskoðaðar reglur um stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur og um félagslegt leiguhúsnæði. Þá voru kynntar endurbætur á heimasíðu SVÁ og endurskoðun á verkferlum SVÁ. Einnig var farið yfir starfsmannamál og Ragnheiði Hergeirsdóttur fráfarandi forstöðumann SVÁ þökkuað góð störf. Sveitarstjórn tekur undir þakkir til Ragnheiðar fyrir góð störf en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.
- 31. Skólaþjónustu og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 48. fundar frá 11. maí s.l.**
 Oddviti kynnti fundargerð 48. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál og endurskoðun reglna og heimasíðu Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- 32. Skólaþjónustu og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 49. fundar frá 18. maí s.l.**
 Oddviti kynnti fundargerð 49. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var kynnt endurskoðun reglna velferðarþjónustu. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- 33. Skólaþjónustu og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 50. fundar frá 26. maí s.l. Mál 4 og 5 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.**
 Oddviti kynnti fundargerð 50. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Farið var yfir trúnaðarmál, tillögu að reglum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls um félagslegt leiguhúsnæði og tillögu að reglum um stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur. Þá voru kynnt drög að endurskoðuðum reglum um akstursþjónustu fatlaðra ásamt tillögu að gjaldskrá og þær samþykktar. Þá var farið yfir greinargerð og gögn sem send voru til GEF og forstöðumaður þakkar fyrir gott samstarf í ljósi starfsloka.

Sveitarstjórn samþykkir tillögur að reglum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls um stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur. Sveitarstjórn frestar hins afgreiðslu tillögum að reglum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls um félagslegt leiguhúsnæði og vísar þeim til umfjöllunar í öldungarráði og félagi eldri Hrunamanna. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

Önnur mál:

34. **Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarleyfa.**
Sveitarstjórn samþykkir að skrifstofa Hrunamannahrepps verði lokuð í 3 vikur vegna sumarleyfa frá 5. júlí til og með 23. júlí nk.
35. **Ungmennaráð Hrunamannahrepps. Fundargerð 4. fundar frá 2. júní s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar ungmennaráðs frá 2. júní s.l. Þar var fjallað um forvarnarfræðslu, jafningjafræðslu, körfuboltavöllinn, heilsuviku og félagsmiðstöðina Zero. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Byggðasafn Árneshvíls: Fundargerð stjórnar Byggðasafns Árneshvíls frá 3. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. **Tónlistarskóli Árneshvíls: Fundargerð stjórnar frá 10. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. **Framkvæmdaráð Almanna- og velferðarþjónustu Árneshvíls: fundur frá 22. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. **Framkvæmdaráð Almanna- og velferðarþjónustu Árneshvíls: fundur frá 14. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. **Almanna- og velferðarþjónustunefnd Árneshvíls: Fundargerð 7. fundar almanna- og velferðarþjónustunefndar frá 22. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. **Brunavarnir Árneshvíls: fundargerð stjórnar frá 3. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Brunavarnir Árneshvíls: fundargerð stjórnar frá 13. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- h. **SASS: Fundargerð stjórnar SASS frá 7. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- i. **Háskólafélag Suðurlands: Fundargerð aðalfundar 19. s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- j. **HES: Árskýrsla og ársreikningur 2020.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- k. **Orlof húsmæðra í Árneshvíl- og Rangárvallasýslu: Skýrsla 2020.**
Lagt fram til kynningar.
- l. **UTU bs. Garðastígur Flúðum: Göngustígur og ný lóð, deiliskipulagsbreyting.**
Lagt fram til kynningar.
- m. **Jafnréttisstofa: Áhrif nýrrar jafnréttislöggjafar á sveitarfélög.**
Lagt fram til kynningar.
- n. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 897. fundar stjórnar frá 30. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- o. **Greinargerð vegna vettvangsrannsókna í Gröf.**
Lagt fram til kynningar.
- p. **Gröf gatnagerð. Verkfundargerð 5. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- q. **Hringtorg gatnagerð. Verkfundargerð 2. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- r. **Límtré Vírnet ehf: Samstæðuársreikningur 2020.**
Lagt fram til kynningar.
- s. **Veiðifélag Árneshvíls: Aðalfundarboð og breytingar á gjaldskrá og nýtingaráætlun.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

t. Reiðhöllin á Flúðum ehf: Aðalfundur 14. júní n.k.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:30.